



Varðandi: Stækkun og endurnýjun á miðlægum tölvubúnaði
Akraneskaupstaðar

Málsnúmer: 1502098

Dagsetning: 9. mars 2015

TILLAGA:

Bæjarráð samþykkir kaup á vélbúnaði (netþjón og diskastæðu) sem tilheyrir miðlægum tölvubúnaði Akraneskaupstaðar.


Um er að ræða eignfærða fjárfestingu að fjárhæð kr. 4,8 mkr. (með vsk) og vinnu sérfræðinga að fjárhæð kr. 400.000 (án vsk) eða samtals 5,2 mkr. sem verði mætt með samsvarandi lækkun á handbæru fé.

GREINARGERÐ:

Endurnýja þarf hluta miðlægs tölvubúnaðar hjá Akraneskaupstað en hann var tekinn í notkun árið 2008 og er því orðinn sjö ára gamall. Samkvæmt ráðleggingum sérfræðina myndi henta best að kaupa eins netþjón og keyptur var við uppfærslu Navison kerfisins árið 2014 og nýja diskastæðu frá Hitachi. Við ákvörðun um endurnýjun skal hafa til hliðsjónar að rekstraröryggið á núverandi búnaði er ótryggt, þar sem ábyrgðar- og þjónustusamninga á svo gamlan búnað er ekki hægt að fá og einnig eykst áhættan á frekari bilunum. Varahlutir eru illfáanlegir og viðgerðir geta verið flóknari og staðið mun lengur með tilheyrandi kostnaði. Endingartími búnaðar af þessum toga er 5 til 7 ár.

Bilun varð í kerfinu nú í byrjun mars og það lá niðri um tíma sem var ákveðinn viðvörun um stöðu mála. Um nauðsynlega fjárfestingu er að ræða með tilliti til rekstraröryggis tölvukerfa Akraneskaupstaðar og í raun ekki hjá því komist.

Með vísan til framanritaðs gerir bæjarstjóri ofangreinda tillögu.


Regína Ásvaldsdóttir,

bæjarstjóri